

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Tryggva Ólafssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. nóvember 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Tryggva Ólafssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur.

1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Tryggva Ólafssonar og Guðrúnar Magnúsdóttur til styrktar menningar- og líknarmálum.
2. Hlutverk sjóðsins og markmið er að veita styrki til menningar- og líknarmála á Íslandi. Samanlögðum nettótekjum þriggja ára hverju sinni skal varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.
3. Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00. Stofnfé skal haldast óskert. Fé sjóðsins og aðrar eignir skal ávaxta á þann hátt, sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
4. Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og öðru fé og eignum, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.
5. Stjórn sjóðsins skipa 3 menn til 5 ára í senn. Fyrstu stjórnarmennirnir skulu tilnefndir af stofnendum sjóðsins, hjónunum Tryggva Ólafssyni og Guðrúnu Magnúsdóttur. Stjórnarmenn ganga úr stjórn á 5 ára fresti, þó þannig að úr hinn fyrstu stjórn sjóðsins gengur 1 úr stjórn eftir 5 ár, næsti eftir 10 ár og hinn þriðji eftir 15 ár samkvæmt hlutkesti, en hverju sinni, sem stjórnarmaður gengur úr stjórn, skulu þeir, sem eftir sitja í stjórninni tilnefna stjórnanda í hans stað.

Stjórnarmenn, sem ganga úr stjórn sjóðsins má endurtilnefna. Greini stjórnarmenn á um tilnefningu stjórnarmanns tilnefnir dómsmálaráðuneytið stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins kýs formann sjóðsstjórnar og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

6. Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

Greiða má þóknun til stjórnarmanna.

7. Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst óumflýjanlegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.
8. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.